

9. MARS
2023

HARPA
ELDBORG

Sunwook Kim leikur Brahms



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka:

Sinfónía 35'

Píanókoncert 46'

Tónleikunum er útsvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Sunwook Kim leikur Brahms

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Bertrand de Billy
Hljómsveitarstjóri

Sunwook Kim
Einleikari

Johannes Brahms

Sinfónía nr. 3 í F-dúr, op. 90 (1883)

Allegro con brio
Andante
Poco allegretto
Allegro

HIÉ

Johannes Brahms

Píanókonsert nr. 2 í B-dúr, op. 83 (1881)

Allegro non troppo
Allegro appassionato
Andante
Allegretto grazioso

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Bertrand de Billy

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Franski hljómveitarstjórinn Bertrand de Billy hefur náð frábærum árangri jafnt sem stjórnandi sinfóniútónleika og í óperuhúsum víða um heim. Hann fæddist í París og hefur starfað sem aðalstjórnandi m.a. við Liceu-óperuna í Barcelona (1999–2004) og Útvarpshljómsveit Vínborgar (2002–2010). Hann var einnig um árabíl aðalgestastjórnandi Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Dresden og Kammer-sveitarinnar í Lausanne.

Bertrand de Billy er eftirsóttur gestastjórnandi framúrskarandi hljómveita víða um heim. Hann hefur meðal annars stjórnað Cleveland-hljómsveitinni, Konzerthaus-hljómsveitinni í Berlín og Útvarpshljómsveitinni í Bæjaralandi auk þess að stjórna óperuflutningi m.a. við Metropolitan-óperuna í New York, Staatsoper í Vínborg og Berlín, La Monnaie í Brussel og Covent Garden í Lundúnum.

Bertrand de Billy hefur fjórum sinnum áður stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum við afar góðar undirtektir, þar á meðal fyrstu sinfóníu Brahms og Þýskri sálumessu sama tónskálds á síðasta starfsári, og gegnir stöðu aðalgestastjórnanda hljómveitarinnar frá 2021 til 2023. Meðal annars mun hljómveitin flytja allar sinfóníur Johannesar Brahms á fernum tónleikum undir hans stjórn.



Sunwook Kim

EINLEIKARI

Suður-kóreski píanóleikarinn Sunwook Kim vakti heims-athygli þegar hann fór með sigur af hólmi í Leeds-píanókeppninni árið 2006, þá einungis 18 ára gamall, og varð þar með yngsti sigurvegarinn í 40 ára sögu keppinnar. Upp frá því hefur hann verið eftirsóttur einleikari og hafa gagnrýnendur lýst leik hans sem kraftmiklum, listfengum og lýriskum. Þannig vakti flutningur hans á fyrsta píanókonsertri Brahms með Hallé-hljómsveitinni í Manchester mikla athygli og óskorað lof gagnrýnenda.

Kim hefur komið fram með hljómsveitum á borð við Lundúnasinfóníuna, Berlínarfílharmóníuna og Concertgebouw-hljómsveitina í Amsterdam. Hann þreytti frumraun sína á Proms-tónlistarhátíð Breska útvarpsins (BBC) árið 2014 og hefur unnið með stjórnendum eins og Tugan Sokhiev, Daniel Harding, Paavo Järvi, Myung-whun Chung og Vladimir Ashkenazy. Þá hefur Kim komið víða fram á einleikstónleikum.

Kim hljóðritar einkum fyrir útgáfufyrirtækið Accentus, þar á meðal verk eftir Beethoven, Franck og Brahms. Þá hafa einnig komið út tveir geisladiskar með leik hans hjá Deutsche Grammophon, það er að segja einleikskonserterar eftir Chin og Beethoven.

Sunwook Kim þreytir nú frumraun sína með Sinfóníu-hljómsveit Íslands.



Johannes Brahms

SINFÓNÍA NR. 3, OP. 90

Stundum hefur tónlist 19. aldar eins og hún leggur sig verið lýst sem „rómantískri“, en það er alltof vítt hugtak til þess að ná yfir allt það sem þá var samið. Nægir að nefna síð-verk Beethovens sem eru raunar á mörkum klassíkur og rómantíkur, hreinræktuð rómantísk tónskáld eins og Schumann, Berlioz, Mendelssohn og Chopin, og svo tónskáld sem fóru ólíkar leiðir í að þróa áfram rómantísku stefnuna. Má þar nefna íhaldssamari arminn sem Johannes Brahms (1833–1897) leiddi og svo tónskáld á borð við Wagner og Liszt, sem vildu brydda upp á nýjungum í stíl og formi.

Eftir fráfall Mendelssohns og Schumanns varð símfónían undir í samkeppni við „nýþýska skólann“. Brahms var auðvitað byrjaður að semja tónlist af kappi en fyrsta símfónían hans leit ekki dagsins ljós fyrr en tónskáldið var á fimmtugsaldri (1876). Verkinu var gríðarlega vel tekið, raunar auknefnt „tíunda símfónía Beethovens“, og það blés Brahms kappi í kinn. Fyrsta símfónían hafði verið 21 ár í smíðum en önnur símfónían fylgdi svo að segja strax á eftir (1877). Sex ár liðu uns þriðja símfónían kom fram á sjónarsviðið en hún var frumflutt í Víenarborg í desember árið 1883. Í millitíðinni lauk Brahms meðal annars við fiðlukonsertinn og píanókonsert nr. 2. Viðtökurnar voru sennilega þær bestu sem Brahms hafði nokkurn tímann hlotið, þrátt fyrir að margir áhangendur Wagners hafi mætt á frumflutninginn til þess eins að spilla viðtökum.

Brahms hafði lokið við þriðju símfóníuna í Wiesbaden um sumarið 1883. Í október það ár lék hann meðal annars fyrsta og síðasta þáttinn (á píanó) fyrir Antonín Dvořák sem hélt vart vatni og sagði verkið standa fyrstu símfóníunum tveimur framar hvað fegurð snerti. Þriðja símfónían er raunar sú stysta af símfóníum Brahms en þykir gríðarlega erfið í flutningi.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur nú þriðju símfóníu Brahms í 15. sinn. Það var enski hljómsveitarstjórinn Eugene Goossens sem fyrstur stýrði flutningi verksins héraðs, í Þjóðleikhúsinu árið 1954. Raunar liðu ekki nema nokkrir mánuðir þar til hljómsveitin lék hana á ný, undir stjórn Olavs Kvelland. Meðal annarra hafa mundað sprötann Igor Buketoff (1964), Eduard Fischer (1973), Karsten Andersen (1976), Hannu Lintu (1997), Rumon Gamba (2006) og Vladimir Ashkenazy (2014).

Fyrsti þáttur (Allegro con brio) grundvallast á þriggja tóna hendingu (F-As-F), það er að segja nokkurs konar mottói sem Brahms hafði tileinkað sér eða frei aber froh (frjáls en glaður). Raunar var piparsveinninn Brahms þar að svara mottói aldarvinnar síns, Josephs Joachim, frei aber einsam (frjáls en einmana). Í þættinum takast meðal annars á dúr og moll. Miðkaflar verksins eru báðir hægir. Hugljúfur annar þátturinn (Andante) er borinn uppi af blásurum en strengir láta aftur til sín taka í þriðja þætti (Poco allegretto). Stefið sem sellóin leika í upphafi þáttarins kannast flestir við. Lokapátturinn (Allegro – Un poco sostenuto) hefst í moll og er bæði ákafur og dramatískur. Tónlistinni vex smám saman ásmegin uns tónskáldið dregur saman seglin í gullfallegu niðurlaginu og verkinu lýkur með því að upphafsstefið er ítrekað í síðasta sinn, nú í dúr.

PÍANÓKONSERT NR. 2, OP. 83

Johannes Brahms (1833–1897) samdi tvo píanókonserta um ævina, að vísu með hátt í aldarfjórðungs millibili. Sá fyrri hlaut afar slakar viðtökur þegar hann var frumfluttur í Hamborg árið 1859 og dró það verulega kjarkinn úr tónskáldinu hvað konsertformið varðaði. Það var því ekki fyrr en um 1878 að Brahms hóf að leggja drög að píanókonsert númer tvö en það tók hann rúm þrjú ár að ljúka við verkið. Þannig varði tónskáldið sumrinu 1881 í lokafrágang hins nýja konserts og í bréfi til trúnaðarvinnar síns, fiðluleikarans Josephs Joachim, skrifaði Brahms: „Númer tvö er allt öðruvísi“, en fyrsti píanókonsertinn hafði verið óvenju stór í sniðum. Enn fremur tjáði hann öðrum vinum sínum að hann hefði í smíðum lítið stykki fyrir píanó en Brahms var raunar þekktur fyrir að leynd hugsun sinni í orðum, einkum þegar kom að tónsmíðum.

Píanókonsert nr. 2 var frumfluttur í Búdapest í nóvember 1881 og lék Brahms sjálfur gríðarlega kröfuhart einleikshlutverkið. Hér var ekki um neina smásmíði að ræða og raunar stærra og viðameira verk en fyrsti píanókonsertinn. Hér birtist konsert í fjórum þáttum (í stað þriggja eins og venjan er með einleikskonserta) og raunar „símfónískari“ að allri gerð. Kaflinn sem „bættist“ við er *gletta* (eða scherzó) í d-moll, það er að segja annar þáttur konsertsins. Píanókonserti nr. 2 hefur líka stundum verið lýst sem verki mikilla andstæðna. Heyra má hraðar tónarunur sem krefjast mikillar tækni en verkið er einnig afar lýrískt og ber þannig á köflum keim kammertónlistar.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Frank Glazer lék píanó-konsert nr. 2 eftir Brahms með SÍ í febrúar 1959 undir stjórn Róberts A. Ottóssonar. Síðan hafa leikið konsertinn með hljómsveitinni þeir Alexander Jenner (1964), Jörg Demus (1967), Detlef Kraus (1968), Mischa Dichter (1973), Philippe Bianconi (2001), Kirill Gerstein (2011) og Sir Stephen Hough (2019). Helga Bryndís Magnúsdóttir lék konsertinn með Sinfóníu-hljómsveit Norðurlands á Akureyri og í Reykjavík vorið 2000.

Fyrsti þátturinn (*Allegro non troppo*) hefst á ljúfu hornakalli sem leiðir yfir í nokkurs konar samtal við einleikarann. Skyndilega tekur hins vegar voldugur einleikskafli völdin áður en lýrik upphafstaktanna birtist á nýjan leik, þó með nokkuð ólíkum hætti. Annar þáttur (*Allegro appassionato*) á rætur sínar að rekja til fiðlukonsertsins sem Brahms samdi árið 1878 en honum var upphaflega ætlaður staður þar; hugmynd sem tónskáldið hvarf þó frá. Hér tekst á dramatík (upphafið og endirinn) og glaðværingu (miðbikið). Þriðji þátturinn (*Andante*) einkennist af undurfögum hendingum sem einleiksselló leikur í upphafi þáttarinn en stefið nýtti Brahms sér síðar í sönglagi (*Immer leiser wird mein Schlummer*, op. 105). Það kemur svo í hlut píanistans að þróa sellóstefið áfram, oft með ýmis konar skrauthendingum. Lokapátturinn (*Allegretto grazioso—Un poco più presto*) er fjórlegur þar sem tónskáldið bregður meðal annars fyrir sig „sígaunastíl“ sem þó er klæddur í glæstan virtúósabúning.

Magnús Lyngdal Magnússon

Á döfinni

16.03 FIMMTUDAGUR
KL.20:00



Bertrand de Billy stjórnar Brahms

Það tók Johannes Brahms 21 ár að ljúka við fyrstu sínfóníu sína en biðin eftir sínfóníu númer tvö var öllu styttri. Hún leit dagsins ljós árið 1877, en verkið samdi tónskáldið þá um sumarið í litlum sumardvalarstað í Austurríki, Pörschach am Wörthersee. Verkið er glaðvært og hefur stundum verið líkt við sveitasínfóníu Beethovens (nr. 6). Því var feikna vel tekið, til að mynda af hinum áhrifamikla austurríska gagnrýnanda, Eduard Hanslick, sem sagði meðal annars að sínfónían „stafaði hlýjum sólargeislum á bæði lærða og leika“. Bertrand de Billy, aðalgestastjórnandi Sínfóníuhljómsveitar Íslands, kemur reglulega fram með fremstu hljómsveitum heims ásamt því að stjórna í óperuhúsum á borð við Covent Garden í Lundúnum, Metrópólítan-óperuna í New York og Vínaróperuna. Verkaskrá hans rúmar allt frá Bach til samtímaverka og hann er reglulegur gestur á helstu tónlistarhátíðum veraldar. Hann hóf að stjórna öllum sínfóníum Brahms með Sínfóníuhljómsveit Íslands á síðasta starfsári og lýkur hringnum nú í vor.

30.03 FIMMTUDAGUR
KL.19:30



Sæunn leikur Shostakovitsj

Kóreska tónskáldið Unsuk Chin hefur um árabíl verið í hópi fremstu samtímatónskálda á heimsvísu. Verkið Subito con forza samdi hún í tilefni af 250 ára afmæli Beethovens en það var frumflutt á Proms-tónlistarhátíðinni 2021 og hlaut þar lofsamlega gagnrýni. Sæunn Þorsteinsdóttir, staðarlistamaður Sínfóníuhljómsveitar Íslands, er einn fremsti sellisti Íslands og hefur hlotið verðskuldaða athygli fyrir tilfinningaþrunginn leik sinn. Hún heldur tónleika víða um heim, er m.a. fastagestur í Carnegie Hall og kom fram með Fílharmoníusveitinni í Los Angeles á rómaðri Íslandshátíð þeirra. Þá hefur hún verið tilnefnd til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs. Hér leikur hún fyrri sellókonsertinn eftir Shostakovitsj en konsertinn samdi tónskáldið árið 1959 og tileinkaði góðvini sínum, rússneska sellóleikaranum Mstislav Rostropóvítsj. Belarúsinn Dmitry Matvienko bar sigur úr býtum í hinni alþjóðlegu Malko-keppni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2021. Hann stjórnar nú Sínfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta skipti en síðast á efnisskránni hljómar sveitasínfónía Beethovens.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Emma Steele
Andrzej Kleina
Pálína Árnadóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Lin Wei
Joanna Bauer
Bryndís Pálsdóttir
Pétur Björnsson
Hildigunnur Halldórsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Páll Palomares
Gunnhildur Daðadóttir
Kristján Matthíasson
Kateryna Mysechko
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Greta Guðnadóttir
Justyna Bidler
Margrét Þorsteinsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Þorfiris
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Rannveig Marta Sarc
Sarah Buckley
Þórarinn Már Baldursson
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Móeiður Anna Sigurðardóttir

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Hjörtur Eggertsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Júlía Mogensen
Margrét Árnadóttir
Urh Mrak
Bryndís Björgvinsdóttir

Bassi

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Richard Korn
Hávarður Tryggvason
Jacek Karwan
Þórir Jóhannsson

Flauta

Thomas Hancox
Sólveig Magnúsdóttir

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau

Klarínnett

Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Clara Manaud
Peder Ravn Jensen
Brjánn Ingason

Horn

Asbjörn Ibsen Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Frank Hammarin

Trompet

Einar Jónsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Carlos Caro Aguilera

Bassabásúna

David Bobroff

Pákur

Soraya Nayyar

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkeldsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri

Halla Oddný Magnúsdóttir
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvít Hrólfisdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tækni mála
Björk Björgúlfsdóttir
sviðs- og tækni maður

EXPERIENCE THE MAGIC OF THE FILM WITH A LIVE ORCHESTRA



Harry Potter

AND THE
CHAMBER
OF SECRETS.

— IN CONCERT —

22.–25. MARS, 2023

HARPA • REYKJAVÍK

Hljómsveitarstjóri: Timothy Henty

Miðasala á sinfonia.is • HarryPotterInConcert.com



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



PART OF THE HARRY POTTER™ FILM CONCERT SERIES • BROUGHT TO YOU BY CINECONCERTS

WIZARDING WORLD and all related trademarks, characters, names, and indicia are © & ™ Warner Bros. Entertainment Inc. Publishing Rights © JKR. (5/23)

*Kvika eignastýring veitir allhliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVIKA

Eignastýring